

Horses of Iceland

BRING YOU CLOSER TO NATURE



Markmið – Verkefni – Árangur 2019

MARKMIÐ

Tilgangur Horses of Iceland verkefnisins er að auka vitund um og styrkja ímynd íslenska hestsins á alþjóðavettvangi. Markmiðið er að leggja grunn að aukinni verðmætasköpun og auknum gjaldeyristekjum af sölu á hestinum, vörum og þjónustu honum tengdum með faglegu og framsæknu markaðsstarfi undir merkjum Horses of Iceland – bring you closer to nature.

ÁHERSLUR

Lögð er áhersla á að ná víðtæku samstarfi aðila í Íslandshestasamfélaginu um heim allan til að tryggja samræmd skilaboð í markaðsstarfinu og aukinn slagkraft. Unnið er með langtímasjónarmið að leiðarljósi.

Lögð er mikil áhersla á notkun stafrænnar miðlunar, vef og samfélagsmiðla, til að ná sem mestri útbreiðslu um heim allan. Einnig er lögð áhersla á samlegð í kynningarstarfi innan Íslandsstofu við aðrar greinar, s.s. ferðaþjónustu í markaðsverkefninu Inspired by Iceland og Iceland Naturally við kynningu á íslenskri menningu.

MARKHÓPAR OG MARKAÐSSVÆÐI

Í upphafi verkefnisins árið 2015 voru helstu markhópar kortlagðir. Helstu markhópar verkefnisins eru þrjár talsins og hefur verið lögð megin áhersla á hvern markhóp fyrir sig á ákveðnu tímabili.

Markhóparnir eru:

- 1 – erlendir aðilar sem nú þegar tengjast íslenska hestinum.
- 2 – erlendir ferðamenn á Íslandi.
- 3 – eigendur og reiðmenn annarra hestakynja.

Frá árinu 2018 var lögð áhersla á að ná til markhóps 3) sem eru eigendur og knapar annarra hestakynja með von um að auka þannig athygli sem hvetur til aukinna viðskipta, þjónustu og afþreyingar þar sem íslenski hesturinn kemur við sögu. Sú áhersla var einnig lögð árið 2019.

Auk þess var unnið að því að ná áfram til markhópanna 1) erlendra aðila sem nú þegar tengjast íslenska hestinum um heim allan, með einum eða öðrum hætti 2) ferðamenn á Íslandi og þá sem eiga leið um Leifsstöð. Kynningarefni var m.a. birt í afþreyingarkerfi flugvéla Icelandair.

Lagt var fjármagn í að kynna íslenska hestinn á alþjóðlegum sýningum þar sem fjölmörg hestakyn koma saman, t.d. í Svíþjóð, Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Einnig var vel lagt í fræðslu og kynningu hérlendis í samstarfi við LH, Meistaradeild hestamanna sem og önnur hagsmunasamtök innan hestamenskunnar.

Hægt er að ná til fólks með markvissum hætti á stafrænum miðlum eftir löndum, kyni, aldri og áhugamáli og er það gert sérstaklega á Facebook.

MARKAÐSAÐGERÐIR, KYNNINGAREFNI OG VIÐBURÐIR ÁRIÐ 2019

Sýningar og viðburðir:

1. FEIF fundur, Berlín, Þýskalandi, 1.-3. febrúar
2. Equitana, Essen, Þýskalandi, 9.-17. mars
3. Samstarf við Meistaradeild hestamanna
4. Alþjóðlegur dagur íslenska hestsins á heimsvísu 1. maí (haldinn árlega)
5. 17. júní í Reykjavík
6. Falsterbo Horse Show, Svíþjóð, 6.-14. júlí
7. Heimsmeistaramót íslenska hestsins, Berlín, Þýskalandi, 4.-11. ágúst
8. Norrænn ráðherrafundur, haldinn í lok ágúst
9. Blaðamannaferð í Laufskálaréttir og heimsóknir til samstarfsaðila 27.- 29. september (*CP Creatives/ Canon, CNN Travel og Metro Online*)
10. Blaðamannaferð í Víðidalstungurétt með samstarfsaðilum HOI, Íslandshestum, 2.-6. október (*Icelandair blaðið Stopover ásamt útsendingum á samfélagsmiðlum HOI*)
11. Bás á Equine Affaire sýningunni í Springfield, BNA, 7.-10. nóvember (samstarf við Íslandshestasamtökin í Bandaríkjunum)
12. Ljósmynda- og samfélagsmiðlanámskeið, 20. nóvember, Eldhestum, Suðurlandi
13. Bás á Sweden International Horse Show í Stokkhólmi, Svíþjóð, 28. nóvember-1. desember (samstarf við sænsku Íslandshestasamtökin)
14. World Horse Culture Forum, Hohhot, Kína, 29. nóvember-1. desember
15. Kynningarsamstarf á Pferd & Jagd sýningunni í Hannover, Þýskalandi, 5.-8. desember

Auk þess má nefna að verkefnið hefur verið kynnt á fjölmörgum öðrum stöðum, s.s. aðalfundi Félags hrossabænda o.fl.

Viðburðir/sýningar sem standa upp úr frá árinu 2019:

Viðburðir innanlands:

Alþjóðlegur dagur íslenska hestsins, 1.maí:

Í ár var efnt til myndbandasamkeppni. Veglegur vinningur var í boði fyrir það myndband sem mest var horft á og flestir fylgjendur greiddu atkvæði með. Viðtökur voru mjög góðar og rúmlega 30 myndbönd voru send inn til þátttöku. Þetta myndefni getur HOI nýtt sér til markaðs- og kynningarstarfs. Í kjölfar myndbandasamkeppninnar fjölgaði áskrifendum póstlistans um 1000.

Gott samstarf HOI við Landssamband hestamannafélaga (LH) var um kynningu á alþjóðlega deginum til allra aðildarfélaga LH. Félögin stóðu svo fyrir sínum eigin viðburðum, bæði fyrir félagsmenn og almenning. Gaman er að sjá að dagurinn er farinn að festa sig í sessi og haldnir eru viðburðir bæði héraðs og erlendis. Mikill fjöldi unnenda íslenska hestsins deila gleðinni þennan dag, opna hesthús sín fyrir almenningi, bjóða á hestbak, halda sýningar og keppnir. Að sjálfsögðu er öllu deilt á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu *#horsesoficeland*.

Eftirtalin félög stóðu fyrir viðburðum:

1. **Hestamannafélagið Sprettur** Garðabær/Kópavogur. Sýning í samvinnu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Reiðmaðurinn, þar sem nemendur kepptu um Reynisbikarinn. Reiðskólar á svæðinu kynntu starfsemi sína og teymdu undir börnum. Börn og unglingar í Spretti sýndu hestafótbolta. Háskólinn á Hólum kynnti Knapmerkin og voru efstu stig riðin fyrir áhorfendur. **HOI sendi blaðamann og ljósmyndara í Sprett** – tekin voru viðtöl, myndir og streymt beint á samfélagsmiðlum HOI ásamt því að aðsendar myndir voru birtar á miðlum HOI.
2. **Hestamannafélagið Skagfirðingur** Sauðárkrúkur. Sýningin Æskan og hesturinn.
3. **Hestamannafélagið Geysir** Hella. Æskulýðssýning Geysis.
4. **Hestamannafélagið Hörður** Mosfellsbær. Sýning í reiðhöllinni opin öllum.
5. **Hestamannafélagið Sleipnir** Selfoss. Teymt undir börnum í reiðhöll félagsins.
6. **Hestamannafélagið Glófaxi** Vopnafjörður. Opið hús í hesthúsinu á Norður-Skálanesi og teymt undir börnum.
7. **Hestamannafélagið Sörli** Hafnarfjörður. Sýning í reiðhöllinni opin öllum.
8. **Hestamannafélagið Freyfaxi** Egilsstaðir. Félagið hélt firmakeppni í Stekkhólma.
9. **Hestamannafélagið Dreyri** Akranes. Félagið hélt firmakeppni í Æðarodda.
10. **Hestamannafélagið Snæfellingur** Snæfellsnes. Haldið var Snæfellsíþróttamót á Grundarfirði. Opið hús og teymt undir börnum í fimm reiðhöllum á Snæfellsnesi: Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Hallkellsstaðarhlíð og á Lýsuhóli í tilefni að íþróttadegi HSH.
11. **Hestamannafélagið Þráinn** Grenivík. Haldin hópreið ásamt fleiri viðburðum.
12. **Hestamannafélagið Fákur** Reykjavík. Sýningin Æskan og hesturinn.

Til að auðvelda hestamannafélagunum að kynna Dag íslenska hestsins með samræmdum hætti var rafrænt prentskjal gert aðgengilegt á vef HOI. Með einföldum hætti var hægt að setja inn dagskrá með viðburðum hvers og eins félags og prenta út. Þetta fyrirkomulag reyndist ganga vel og kom upp sú hugmynd að útbúa prentskjalið á fleirum tungumálum fyrir árið í ár.

17. júní, miðbær Reykjavíkur:

Í fyrra tóku HOI og LH höndum saman um kynningu á hestinum okkar á Þjóðhátíðardeginum, 17. júní, í miðbæ Reykjavíkur. Kynningin fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur og á svokallaðri „Ísbjarnarflöt“ við Tjörnina í Reykjavík. Í Ráðhúsinu var bæklingum, póstkortum og plakötum dreift til almennings af starfsfólki HOI þar sem almenningi gafst einnig kostur á að prófa vinsælu þrívíddargleraugin. Á „Ísbjarnarflötinni“ við Tjörnina var búið að girða af svæði þar sem fram fór gangtegunasýning nokkurra hesta. Einnig var brugðið á leik og nokkur sirkusatriði sýnd. Á meðan á sýningunni stóð sagði þulur frá því sem var að gerast auk almennum fróðleiki um hestinn.

Viðburðir erlendis:

Equitana:

Horses of Iceland tók þátt í Equitana-sýningunni í Essen, Þýskalandi, í mars. Sýningin, sem haldin er á tveggja ára fresti, er sú stærsta sinnar tegundar í Evrópu, en hana sækja að jafnaði um 200.000 manns og var þetta með stærstu verkefnum Horses of Iceland árið 2019. Íslenski hesturinn var kynntur í stórum bási þar sem gestum var m.a. boðið að horfa á 360-gráðu myndband af hestinum úti í íslenskri náttúru með sýndarveruleikaglerauginum og þannig ferðast til heimkynna hans. Þetta framtak vakti mikla hrifningu, en fæstir höfðu prufað slíkt áður. Samstarfsaðilar Horses of Iceland voru einnig kynntir í básnum og að auki sýndi Horses of Iceland auglýsingamyndband um íslenska hestinn á 90-metra löngum skjá á sýningarsvæðinu, alla vikuna, fimm sinnum á dag. Á sýningunni skráðu nærri 700 manns sig á póstlista HOI. Á Equitana var ætlunin að höfða til þeirra sem umgangast hesta af öðrum hrossakynjum og vekja athygli þeirra á eiginleikum íslenska hestsins.

Falsterbo:

HOI tók þátt í Falsterbo Horse Show sem varð til þess að íslenski hesturinn var í fyrsta sinn kynntur á þessari frábæru sýningu. Sýningin, sem er aldagömul alþjóðleg sýning og keppni í heimsklassa, var fyrst haldin árið 1920 og hefur mjög sterkar rætur og hefð innan alþjóðlega hestaheimsins. Sýningin stendur yfir í níu daga í byrjun júlí ár hvert. Falsterbo er einn af átta keppnissvæðum í heiminum sem heldur og skipuleggur FEI Nations Cup Top League sem felur í sér að heimsins bestu hestar og knapar í „jumping“ og „dressage“ mæta til keppni. Falsterbo Horse Show er stærsti FEI viðburðurinn innan Skandinavíu. Gestafjöldi ár hvert er um 60-65 þúsund. Íslenski hesturinn kom fram eftir að keppni lauk á miðvikudegi og fimmtudegi og sett voru upp sýningaratriði þar sem riðin voru úrslit í fjórgangi, fimmgangi og tölta auk þess sem sýnd var kampavínsreið og skeið. Sýningaratriðin nutu mikilla vinsælda og voru áhorfendur um 2-3 þúsund hvort kvöld. Hestakosturinn var mjög góður en áhugasamir knapar sóttu um þátttöku og farið var eftir stöðu á WR lista við val á knöpum og hestum.

Heimsmeistaramót íslenska hestsins:

Mótið var haldið í Berlín, Þýskalandi, í byrjun ágúst. HOI og Þýsku Íslandshestasamtökin, IPZV, voru með stórt sameiginlegt tjald, ásamt nokkrum minni fyrirtækjum. Í bási HOI voru einnig samstarfsaðilarnir FEIF, LM2020 og WorldFengur. Mikið líf var í básnum, haldnar voru daglegar kynningar og fyrirlestrar, s.s. um samfélagsmiðla, ljósmyndun, íslensk stangamél, Knapamerkin, sögu íslenska hestsins o.fl. Íslenska landsliðið í hestaíþróttum seldi treyjur til styrktar íslenska landsliðinu í básnum og var þar af leiðandi mikill og stöðugur straumur af fólki. Lifandi íslensk tónlist var spiluð, sýnd voru ýmis myndbönd af íslenska hestinum, bæði gömul og ný. FEIF hélt 50 ára afmælishóf sitt í tjaldi HOI þar sem Vikingyr bauð upp á íslenskt lambakjöt.

World Horse Culture Forum í Kína:

Horses of Iceland lagði land undir fót í lok nóvember og þáði boð um að taka þátt í ráðstefnu í Hohhot í Innri Mongólíu, Norður-Kína. Á ráðstefnunni, sem heitir World Horse Culture Forum, komu saman fulltrúar hrossakynja frá 30 löndum til að ræða hestamennsku. Hestamennska, sérstaklega frístundareid, er í miklum vexti í Kína og á sama tíma fjölgaði komu kínverskra ferðamanna til Íslands, þrátt fyrir samdrátt í ferðaþjónustu, um 16% í fyrra miðað við 2018. Ráðstefnan var vettvangur fyrir fólk til að tala saman og mynda tengsl. Þetta var í fyrsta skipti sem fulltrúi frá Íslandi tók þátt, sem var jafnframt eini fulltrúi Norðurlanda. Eftir ráðstefnuna fékk Horses of Iceland senda yfirlýsingu frá fulltrúum CHIA í Kína um að sendinefnd hafi áhuga á að koma til Íslands og kynnast íslenskri hestamennsku nánar. Horses of Iceland hefur einnig látið kanna möguleg markaðstækifæri í Kína með markaðsgreiningu.

Equine Affaire:

HOI tók þátt í Equine Affaire í BNA, sýningu sem stendur yfir í fjóra daga. Þar eru samankomin um 50 mismunandi hestakyn. Eins og undanfarin ár var HOI í samstarfi við bandaríska Íslandshestafélagið, USIHC, með kynninguna. Áætlaður gestafjöldi á sýningunni var rúmlega 100.000 manns. Í ár tók sýningarhópurinn „Knights of Iceland“ þátt í kvöldsýningunni sem sýnd er fjórum sinnum og áætla má að um 5 þúsund manns horfði á hverja sýningu. Einnig voru haldnir fyrirlestrar og kynningar á íslenska hestinum á dagssýningunni. Gestir hafa ávallt sýnt Íslandi og íslenska hestinum mikinn áhuga og kynningarefnið hefur rokið út til áhugasamra gesta.

Sweden International Horse Show:

Sýningin er haldin árlega í Svíþjóð í byrjun desember. Áætlaður gestafjöldi er 90.000 manns. HOI stóð fyrir nýstárlegri sýnikennslu þar sem reiðkennarinn Julio Borba kenndi bæði íslenskum knapa og „dressúr“-knapa, sem síðan skiptu um hesta. Einnig voru haldnar fleiri sýnikennslur, á vegum Sænsku Íslandshestasamtökin (SIF) og sænsku ræktunarsamtökin (SIF Avel), sem og tekið þátt í kvölddagskrá bæði föstudags-og laugardagskvöld. Fjöldi áhorfenda á kvölddagskrá var á bilinu 10-15.000 manns hvort kvöld fyrir sig. HOI var aðalstyrktaraðili sýningaratriða íslenska hestsins. Auglýsingaskilti HOI var á keppnisvelli meðan keppni/sýning fór fram. Myndefni HOI var spilað á risaskjá á meðan sýning/keppni fór fram, einnig þegar hlé var gert á dagskrá. Sýningar og sýnikennslur voru í háum gæðaflokki, fram komu heimsmeistarar og atvinnumenn í greininni um allan heim.

Vefsíða Horses of Iceland:

Vefsíðunni *horsesoficeland.is* er ætlað að halda utan um efni sem tengist íslenska hestinum og er nú titluð sem „The Official Site of the Icelandic horse“. Á vefnum má finna allar helstu upplýsingar um íslenska hestinn, s.s. gangtegundir, liti, ræktunarmarkmið, eiginleika o.m.fl. Þar má einnig finna alla bæklinga HOI sem hafa verið gefnir út. Vefurinn er á fjórum tungumálum: íslensku, ensku, þýsku og sænsku.

Lögð var áhersla á að „lifandi efni“, s.s. sögunum okkar, viðburðum og myndabankanum, væri gert betri skil og var því fært ofar á síðuna. Í hverjum mánuði er skrifuð „saga“, ein eða fleiri, um málefni sem tengist íslenska hestinum á einn eða annan hátt, t.d. af einstöku sambandi manns og hests, frægum, föllnum stóðhestum, jólasögur um hestinn, ferðasögur, o.s.frv.

Á vefnum er einnig hægt að finna upplýsingar um samstarfsaðila verkefnisins og heimasíður þeirra. Við öllum þeim fyrirspurnum sem berast Íslandsstofu og HOI varðandi íslenska hestinn er leitað til samstarfsaðila.

Rannsóknir, kannanir og samantektir á gögnum:

Unnið hefur verið að rannsóknnum og könnunum í samstarfi við ýmsa háskóla, ásamt því að samantektir á efni sem tengist íslenska hestinum hafa verið gerðar. Við Háskólann á Hólum hefur Ingibjörg Sigurðardóttir lektor unnið að samantekt á ýmsum tölum og gögnum varðandi íslenska hestinn, t.d. um verðgildi íslenska hrossastofnsins, útflutning, sölu á hestavörum til erlendra ferðamanna, verðmæti hestatengdrar ferðapjónustu, fjölda hrossa miðað við fjölda íbúa eftir landshlutum, o.fl.

Unnið er að könnun varðandi stærð, umfang, umgjörð og starfsemi reiðskóla í Evrópu og Norður Ameríku í samstarfi við FEIF. Bæði er verið að skoða reiðskóla sem notast við erlend hestakyn sem og reiðskóla sem notast við íslenska hestinn.

Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir, meistaranemi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum við HÍ, framkvæmdi könnun á vitund og vörumerkja virði Horses of Iceland. Jákvæð og neikvæð hugrenningartengsl við íslenska hestinn voru skoðuð, hvort að þau atriði sem eru markaðsett varðandi íslenska hestinn komist til skila, kauplíkur, o.s.frv. Könnun var gerð á alþjóðlegum vettvangi og eru niðurstöður aðgengileg á vef HOI.

Bæklingar og kynningarefni:

Ítarlegur bæklingur íslenska hestinn var gerður um árið 2016, í upphafi verkefnisins. Í dag hefur hann verið prentaður á fimm tungumálum: ensku, þýsku, íslensku, sænsku og kínversku.

Á síðastliðnu ári hefur bæklingurinn verið uppfærður og endurútfinn á íslensku, sænsku og ensku. Póstkort af íslenska hestinum hafa notið mikilla vinsælda og hafa verið prentuð í tugi þúsundum eintaka.

Herferðir:

Horses of Iceland undirbýr í samstarfi við LH kynningarherferð innanlands þar sem átak verður gert í nýliðun innan hestamennskunnar. Unnið er að auglýsingum á RÚV (viltu vera hestamaður?) þar sem áhorfendum verður beint inn á heimasíður LH og HOI.

Skráning á póstlista:

Í gegnum vefinn hefur verið hægt að skrá sig á póstlista og fá nú rúmlega 6.000 manns hvaðanæva að úr heiminum sendar fréttir reglulega. Í þessum póstum er verið að kynna þá viðburði sem HOI tekur þátt í og segja frá því hvernig viðburðirnir tókust til, segja frá sögunum á heimasíðunni auk helstu fréttanna innan Íslandshestaheimsins.


Vel hefur gengið að auka fjölda póstfanga á listanum með ýmis konar leikjum, getraunum, o.fl. Þessi miðill er í dag orðinn nokkuð áhrifamikill og nær til lesenda vítt og breitt um heiminn.

Samfélagsmiðlar:

Íslenski hesturinn nýtur mikilla vinsælda á samfélagsmiðlum. Fylgjendur okkar eru nú rúmlega 110.000 manns og fer fjöldi þeirra vaxandi dag frá degi. Facebook og Instagram eru okkar helstu miðlar, ásamt YouTube.

Horses of Iceland hefur einnig aðstoðað samstarfsaðila sína við uppbyggingu á þeirra eigin miðlum. Má nefna sem dæmi Meistaradeildina í hestaíþróttum. Á tæpum þremur mánuðum jókst fjöldi fylgjenda um 150%!

Ítarlegri greiningu á samfélagsmiðlum HOI er að finna neðar í skýrslunni.



Myndbönd:

Í upphafi verkefnisins, 2016-2017, gerði HOI nokkur stór myndbönd sem hafa reynst afar vel í kynningu á íslenska hestinum. Þessi myndbönd hafa verið mjög vel nýtt, endurbirt og efni úr þeim notað til kynninga og auglýsinga. Áhersla ársins 2019 var að streyma frá þeim viðburðum og sýningum sem HOI tók þátt í á árinu og nýta það efni m.a. til enn meiri kynningar og myndbandagerðar. Þar má t.d. nefna Heimsmeistaramót íslenska hestsins, Falsterbo Horse Show, Equitana, 17.júní í Reykjavík, Sweden International Horse Show, o.fl.

Á árinu birtist líka þó nokkuð af nýju myndefni. HOI og FEIF, alþjóðasamtök íslenska hestsins, áttu gott samstarf um gerð á kynningarmyndbandi um reiðhestagreiningu, eða „Riding horse profile“.

Einnig hefur færst í aukana að þeir erlendu fréttamiðlar sem koma til landsins á vegum HOI geri myndbönd með sínum frásögnum, s.s. *CP Creatives* og *Metro Online*.

FEI TV kom til landsins árið 2018 á LM í Reykjavík og gerði tvo heimildarþætti. Áætlað er að útsendingin hafi náð til um 240 milljóna manna.

Equus WorldWide gerði heimildarmynd um Mývatn Open Ísmótið og Hólaskóla. Áætlað er að útsendingin hafi náð til um 45 milljóna manna.

Fulltrúar bandaríska sjónvarpsþáttarins *Gentle Giants* komu til landsins til þess að afla sér upplýsinga um hestinn okkar. Gerður var 20 mínútna sjónvarpsþáttur sem birtist á RFD TV í BNA. Áætluð áhorf á stöðina er um 250 þúsund manns í hverri viku.

Tails of Iceland er heimildamynd um íslenska hestinn og tengsl hans við fólk í landinu. Myndin var unnin af April Anderson og hlaut hún liðsstyrk HOI við gerð myndarinnar. Myndin var frumsýnd í Bíó Paradís og sýnd á kvikmyndahátíðinni EQUUS Film Festival í BNA.

Á árinu 2019 hófst einnig undirbúningsvinna við gerð stærra myndbanda sem munu birtast á árinu 2020. Má þar nefna myndband um rúmlega 100 ára þróunarsögu reiðmennsku á íslenska hestinum.

Allt myndefnið er aðgengilegt á vef verkefnisins, á YouTube og Facebook.

Kynning á samstarfsaðilum:

Í lok árs 2019 voru samstarfsaðilar HOI 65 talsins.

Þeir samstarfsaðilar sem styrkja verkefnið fyrir 150.000 kr. eða meira fá kynningu á sínu fyrirtæki/starfsemi á samfélagsmiðlum HOI. Þeir sem fengu kynningu á árinu 2019 eru:

1. Hornhestar
2. Hrímnir
3. Meistaradeildin í hestaþróttum
4. Íslandshestar
5. Íslenski hesturinn
6. FEIF
7. Landsmót 2020
8. Vík horses
9. Eldhestar
10. Hagagæði
11. Félag Hrossabænda
12. Litla Brekka

- | | |
|----------------------------|-----------------------------------|
| 13. WorldFengur | 19. USIHC |
| 14. Hólaskóli | 20. Söðulsholt |
| 15. MAST | 21. Riding Iceland |
| 16. Hrossaræktarbúið Kjarr | 22. Landssamband hestamannafélaga |
| 17. Íshestar | 23. Blesastaðir |
| 18. Vesturkot | |

Þeir samstarfsaðilar sem hafa verið lengst í verkefninu hafa nú fengið tvær kynningar; reynt er að koma því við að þessir samstarfsaðilar fái kynningar sína á mismunandi árstíðum. Eftir hverja kynningu fær samstarfsaðilinn um 10 ljósmyndir, eða stutt myndband, sem hann getur nýtt til eigin markaðssetningar.

Þeir samstarfsaðilar sem styrkja verkefnið um 300.000 kr. eða meira fá aðgang að bás á þeim viðburðum og sýningum sem HOI tekur þátt í. Þar geta samstarfsaðilar nýtt sér aðstöðuna til að kynna sitt fyrirtæki, halda stuttar kynningar, dreifa kynningarefni, sýna kynningarmyndbönd, auk þess sem myndmerki (e. logo) fyrirtækisins er sýnilegt á einum af veggjum bássins.

Almannatengsl – blöð/tímarit/miðlar/sjónvarp:

- Auglýst var í alþjóðlegum hestatímaritum og á alþjóðlegum sýningum og keppnum víðsvegar um heiminn, t.d. Bandaríkjunum, Svíþjóð, Þýskalandi og Danmörku.
- HOI var sýnilegt í sjónvarpi hérlendis, m.a. í Meistaradeildinni í hestaþróttum (RÚV).
- Gott samstarf var við Inspired by Iceland og fleiri verkefni innan Íslandsstofu um að birta og deila efni frá HOI.
- *FEI TV*, sem er áskriftarsjónvarp alþjóðasamtaka allra hestakynja í heiminum, var boðið til landsins í júlí 2018. Mynduðu þau m.a. á Landsmóti og heimsóttu samstarfsaðila. Þættirnir voru birtir snemma árs 2019. Áætlað er að *FEI TV* nái til (e. reach) 240 milljóna manna.
- Blaðamanni frá *Spiegel Online* í Þýskalandi var boðið til landsins og fór í hestaferð um Skagafjörð. Blaðið hefur um 20 milljón áskrifendur.
- Blaðamanni frá breska vef-dagblaðinu *Metro Online* var boðið í Laufskálaréttir. Gerði hún stutt myndband sem sýndi frá réttunum og var það birt á miðlum blaðsins sem hefur um 12 milljón áskrifendur.
- Grein um íslenska hestinn birtist í *Hvað* blaðinu sem er nýtt, íslenskt blað fyrir krakka og unglinga um útivist.
- Blaðamanni frá *CNN Travel* var boðið í Laufskálaréttir. Greinin birtist á vefmiðlum blaðsins en blaðið hefur að jafnaði um 33 milljónir lesenda.
- Breski áhrifavaldurinn *Esme Higgs* kom til landsins til að kynna íslenska hestinum. Hún gerði myndbandið „Icelandic Horse Adventure“ sem er að finna á YouTube og hefur það fengið um 70.000 áhorf.
- Myndband *The Trip Sisters* um íslenska hestinn birtist á samfélagsmiðlum *National Geographic Travel*, sem hafa um 5,8 milljónir fylgjendur.
- Fulltrúum *CP Creatives*, sem eru fyrirferðamikil á samfélagsmiðlum, var boðið til landsins í samstarfi við Inspired by Iceland. Myndband þeirra og innlegg á samfélagsmiðlum náðu til rúmlega 2 milljóna manna í gegnum *Canon Photography*.

- Blaðamanni frá tímariti Icelandair, *Stopover*, ásamt ljósmyndara á vegum HOI var boðið í þriggja daga hestaferð í Víðidalstungurétt. Ljósmyndir og ferðagrein mun birtast í tímariti Icelandair árið 2020 sem dreift er í allar flugvélar Icelandair. Grein um ferðina var einnig birt á vefsíðu HOI. Streymt var frá hestaferðinni á samfélagsmiðlum HOI sem naut mikilla vinsælda.
- Verðlaunaljósmyndarinn *Drew Doggett* myndaði íslenska hesta hérlendis. Myndasyrpan, sem ber nafnið „In the Realm of Legends“, hefur vakið mikla athygli á samfélagsmiðlum. Drew vann til verðlauna fyrir myndina „Endless Dream“ úr syrpunni.
- Auglýsing og myndband HOI var spiluð í afþreyingarkerfi flugvéla Icelandair.

Samfélagsmiðlar – ítarlegri greining:

Frá því að verkefnið hóf göngu sína árið 2016 hefur efni frá HOI birst í fréttaveitum nokkurra milljóna manna á samfélagsmiðlum, þá aðallega Facebook og Instagram.

Líklega er um að ræða stærstu og viðamestu kynningu sem íslenski hesturinn hefur náð nú á tímum stafrænna miðla. Fylgjendur á samfélagsmiðlum voru um 110.000 í lok árs 2019 og fer jafnt og þétt fjölgandi. Í fyrsta sinn eru fylgjendur nú fleiri á Instagram heldur en Facebook. Fylgjendur skiptast þannig að rúmlega 46.000 eru fylgjendur á Facebook og rúmlega 64.000 á Instagram.

Það sem einkennir okkar fylgjendur er hversu virkir þeir eru, þær færslur sem við birtum fá mjög hátt „engagement rate“ sem segir til um hversu mörgum líkar við færslurnar, skrifa athugasemdir og deila efninu okkar. Þetta gerir samfélagsmiðla okkar að mjög góðum vettvangi til þess að ná til þessa stóra hóps unnenda íslenska hestsins og gefur samstarfsaðilum okkar frábært tækifæri til auglýsinga og kynninga á sinni starfsemi.


Hægt er að meta hversu mikil verðmæti vörumerkið hefur skapað á samfélagsmiðlum með notkun á ákveðinni formúlu. Verðmætasköpun á samfélagsmiðlinum Facebook fyrir árin 2018-2019 voru um 43 milljónir ISK. Verðmætasköpun á samfélagsmiðlinum Instagram fyrir árin 2018-2019 voru um 29 milljónir ISK.

Aðgerðir til þess að halda fylgjendum virkum fólu m.a. í sér að færslurnar á samfélagsmiðlum voru orðaðar sem spurningar sem hvöttu fylgjendur til að svara og birta myndir úr sínu eigin safni, t.d. í tengslum við hrekkjavökuna og jólin.

Á árinu voru nokkrir þekktir einstaklingar innan hestaheimsins fengnir til að „taka yfir“ samfélagsmiðla HOI í nokkra daga í einu. Má þar nefna verðlaunaljósmyndarann Drew Doggett, áhrifavaldana *The Trip Sisters* o.fl.

Þróun í fjölda fylgjenda eftir aldurshópum á Facebook:



Facebook Community þróun 2016-2019




Skipting fylgjenda á Facebook eftir þjóðlöndum:



Instagram Community þróun 2016-2019



Skipting fylgjenda á Instagram eftir þjóðlöndum:



Framtíð markaðsverkefnisins Horses of Iceland:

Undirbúningur fyrir markaðsverkefnið Horses of Iceland hófst árið 2015. Frá árinu 2016 til 2019 var verkefnið fjármagnað krónu á móti krónu af íslenska ríkinu og samstarfsaðilum innan greinarinnar. Í byrjun árs 2020 tókust samningar um áframhaldandi fjármagn til næstu 18 mánaða en unnið er að samningi til að tryggja framtíð verkefnisins um ókomna tíð. Þeir aðilar sem hafa áhuga á að þátttöku í verkefninu eru beðnir um að hafa samband við Jelenu Ohm, verkefnastjóra Horses of Iceland.

ÁVINNINGUR AF ÞÁTTTÖKU Í VERKEFNINU

Ávinningur þátttakenda felst í eftirfarandi:

- Samlegð – vera þátttakandi í hópi samstarfsaðila sem vilja leggja sitt af mörkum til markaðssetningar á íslenska hestinum.
- Þátttaka í fundum tvisvar til þrisvar á ári til að rýna stefnu og móta áherslur.
- Tengslamyndun við þátttakendur - Aðgangur að tengslaneti HORSES OF ICELAND.
- Aðgangur að upplýsingum um markaðsaðgerðir, niðurstöður rannsókna og ýmis fræðsla.
- Möguleiki að tengjast markaðsaðgerðum og viðburðum s.s. í tengslum við Landsmót og Heimsmeistaramót þar sem verkefnið verður kynnt.
- Sýnileiki og upplýsingar um þátttakanda, m.a. með myndmerki (e. logo) viðkomandi á vefsíðu verkefnisins og tengill á vefsíðu þátttakanda, sýnileiki á viðburðum, upplýsingaefni í fjölmiðlapakka sem dreift er til blaðamanna sem koma til landsins í tengslum við verkefnið og kynning með beinum markpósti (ath. fer eftir fjármagni sem lagt er til verkefnisins).
- Leyfi til að nýta einkenni verkefnisins (Horses of Iceland – brings you closer to nature) á vefsíðu þátttakanda með tengingu inn á vefsíðu verkefnisins og aðgangur að kynningarefni HOI.
- Ýmis fleiri tækifæri s.s. á samfélagsmiðlum.

Nánari upplýsingar veitir Jelena Ohm verkefnastjóri, jelena@islandsstofa.is.

Sjá einnig:

www.horsesoficeland.is

www.facebook.com/horsesoficeland

www.instagram.com/horsesoficeland